



Sjötti stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Suðurlandsbraut 72 í Reykjavík föstudaginn 2.febrúar 2024 klukkan 13:00.

Mættar voru:

Steingerður Kristjánsdóttir 1.varaforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 2. varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri og Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti. Árný Elíasdóttir landsforseti var fjarverandi vegna veikinda.

1. *Næstu skref eftir könnun. Ráðsefna?* Farið yfir samantekt úr könnun sem lögð var fyrir félagskonur í nóvember 2023. Umræður urðu um helstu atriði könnunar. Hvernig er best er að fjölga ungum konum? Samþykkt að senda niðurstöður á formenn deilda til þess að þeir geti kynnt niðurstöður fyrir félagskonum. Einnig að forseti komi því á framfæri í fréttabréfi sínu, mikilvægi þess að fjölga í deildum.
Rætt um vorþing/vorráðstefnu. Hugmynd að hafa bæði stað- og fjarfund. Hugmynd komu upp um staðsetningu. Hugmyndir um þema vorráðstefnunar.
2. *Fréttir frá nefndum.* En vantar að finna formann í félaga- og útbreiðslunefnd. Hugmyndir komu upp um konur sem mögulga væri hægt að fá í nefndina. Samþykkt var að hafa samband við konur til þess að fá í nefndina.
Samskipta- og útgáfunefnd ræddi við sinn tengilið í stöðu mála hjá sér. Athugasemd kom frá þeim um forrit til að búa til fréttabéf. Rætt um ýmis forrit og tengiliður kemur þeim hugmyndum áleiðis. Námstyrkjanefnd hefur verið að hvetja konur til að sækja um styrki sem eru í boði hverju sinni.
3. *Fulltrúi í European Forum.* Óskað hefur verið eftir að einhver úr landsstjórninni verði fulltrúi í European Forum. Guðrún Edda Bentsdóttir ústkýrði aðeins hvað fellst í þessu en hún hefur verið í þessari nefnd: Vilborg Ása Bjarnadóttir bauð sig fram í þetta. Það var samþykkt.
4. *Afmælisnefnd.* Hugmynd um að allar deildir tilnefni einn fulltrúa frá sér. Samþykkt að forseti sendi á formenn deilda og hvetji þá til að fá einhverja úr sinni deild í afmælisnefnd.
5. *Ráðstefna í Maryland í júlí.* Frekari upplýsinga óskað frá forseta. Landssambandið styður landsforseta til að fara og jafnvel 2-3 aðra.
6. *Önnur mál.* Rætt var um könnun sem forseti setti inn á facebooksíðu en evrópuráðið var að senda könnun. Það þarf að fara inn á facebooksíðu DKG Europe og vera samþykktur þar. Virðist smá flókið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 15:00.

Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari.